

REGLUGERÐ um umferðarmerki og notkun þeirra.

I. UMFERÐARMERKI

1. gr.

Umferðarmerki skiptast í þessa flokka:

- A. Viðvörunarmerki.
- B. Bannmerki.
- C. Boðmerki.
- D. Leiðbeiningarmerki.
- E. Undirmerki.

A. Viðvörunarmerki.

2. gr.

Viðvörunarmerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða á einhverri sérstakri hættu á vegi.

Viðvörunarmerki skal vera jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt af hornum þríhyrningsins skal snúa upp, nema á merki A6, þar skal eitt hornið snúa niður. Á gula fletinum skal vera svartlituð tákmynd þeirrar hættu sem framundan er.

Viðvörunarmerki skulu eftir því sem þörf þykir glituð eða lýst þannig að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð viðvörunarmerkja skal vera sem hér segir:

- a. Venjuleg gerð: Lengd hliðarlínu 70 sm. Breidd jaðars 7 sm.
- b. Stærri gerð: Lengd hliðarlínu 90 sm. Breidd jaðars 9 sm.

3. gr.

Viðvörunarmerki eru þessi:

A1 Hættuleg beygja til hægri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka hægri beygju sem hættuleg er vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er stutt.



A2 Hættuleg beygja til vinstri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka vinstri beygju sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er stutt.





A3 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til hægri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki.



A4 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til vinstri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki.



A5 Hættuleg vegamót.

Merki þetta má nota þar sem nauðsynlegt þykir áður en komið er að vegamótum þar sem umferð frá hægri hefur forgang, enda sé vegsýn slæm eða aðrar ástæður mæli sérstaklega með notkun merkisins. Ekki skal nota merkið í þéttbýli nema sérstakar ástæður mæli með því.



A6 Biðskylda.

Merki þetta ber að nota við vegamót þar sem öikumönnum ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.



A7–A9 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þessi má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, enda séu merkin A6 eða B19 við hliðarveginn.



A10 Hringakstur.

Merki þetta má nota þegar torg með hringakstri er framundan og sérstakar ástæður valda því að viðvörunar er þörf.



A11 Börn.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að ökumenn sýni sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði þar sem vænta má ferða barna. Merkið ber einnig að nota þar sem ekið er inn á leikgötu.



A12 Gangbraut framundan.

Merki þetta má nota til þess að vara við því að gangbraut sé framundan, enda sé vegsýn takmörkuð eða umferð að jafnaði hröð. Merkið má á sama hátt nota þar sem göngusvæði er framundan, einkum utan þéttbýlis.



A13 Reiðmenn.

Merki þetta má nota til þess að vara við því að reiðvegur þveri veg og þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð hestamanna.



A14 Vegur mjókkar.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega.



A15 Vegur mjókkar frá hægri.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega á þann hátt sem merkið sýnir.



A16 Vegur mjókkar frá vinstri.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega á þann hátt sem merkið sýnir.



A17 Vegavinna.

Merki þetta ber að nota þegar nauðsynlegt þykir að benda á stað þar sem unnið er að framkvæmdum á vegi.



A18 Brött brekka niður á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum.



A19 Brött brekka upp á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum.



A20 Ósléttur vegur.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegarkafli eða stað á vegi með bundnu slitlagi þar sem miklar ójöfnur eru á yfirborði akbrautar. Merki má einnig nota, ef þurfa þykir, þar sem malarvegur tekur við af vegi með bundnu slitlagi.



A21 Grjóthrun. Snjóflóð.

Merki þetta má nota til þess að vekja athygli á grjóthrunshættu, grjóti sem fallið hefur á akbraut eða hættu á snjóflóði.

A22 *Steinkast.*

Merki þetta má nota áður en komið er að vegarkafli þar sem hættu er af steinkasti.

A23 *Umferðarljós.*

Merki þetta má nota þar sem æskilegt þykir áður en komið er að stað þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum.

A24 *Lágflug.*

Merki þetta má nota til þess að vekja athygli á því að loftfar sem hefur sig til flugs eða lendir á flugvelli nálægt vegi kunni að fljúga lágt yfir hann.

A25 *Tvístefnuakstur.*

Merki þetta ber að nota þegar æskilegt þykir að vekja athygli á tvístefnuakstri á vegarkafli sem kemur í beinu framhaldi af einstefnuakstursvegi.

A26 *Jarðgöng.*

Merki þetta má nota til að vekja athygli á jarðgöngum sem eru framundan.

A27 *Sleipur vegur.*

Merki þetta má nota til þess að vara við stað á vegi eða vegarkafli þar sem hættu getur verið á að vegur sé mjög sleipur eða háll. Merkið skal þó ekki nota þar sem hálka er nema sérstakar ástæður mæli með því.



A28 Önnur hættu.

Merki þetta ber að nota þar sem ástæða þykir til að vara við hættu, annarri en að framan hefur verið getið. Gera skal nánari grein fyrir hættunni með undirmerki eða með tákni á merkinu sjálfu. Merkið má og nota án undirmerkis með öðru umferðarmerki ef ástæða þykir til að vara sérstaklega við hættu.

B. Bannmerki.

4. gr.

Bannmerkjum er ætlað að banna eða mæla fyrir um umferð.

Bannmerki skal vera hringlaga með rauðum jaðri og gulum miðfleti, að undanskildum merkjunum B2, B19, B21 – B24, B27 – B29 og B35. Á hinum gula fleti skal merkið skýrt nánar með tákmynd eða svörtu lettri.

Bannmerki skulu eftir því sem þörf þykir glituð eða lýst þannig að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð bannmerkja skal vera sem hér segir:

- Venjuleg gerð: Þvermál 60 sm. Breidd jaðars 6 sm.
- Stærri gerð: Þvermál 80 sm. Breidd jaðars 8 sm.
- Minni gerð: Þvermál 40 sm. Breidd jaðars 4 sm.

Merkið B19 skal vera að breidd 70 sm með 3 sm jaðri en stærri gerð 90 sm með 5 sm jaðri og minni gerð 60 sm með 2 sm jaðri.

Í þéttbýli má þvermál merkjanna B21 og B24 vera 25 sm og breidd jaðars 3 sm.




5. gr.

Bannmerki eru þessi:

B1 Allur akstur bannaður.

Merki þetta ber að nota þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð í báðar akstursáttir.



B2 Innakstur bannaður.

Merki þetta ber að nota þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð inn á veg.



B3 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.



B4 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður.



B5 Akstur vörubifreiða bannaður.

Ef bannið nær ekki til allra vörubifreiða skal mesta leyfileg heildarþyngd letruð á undirmerki.



B6 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.



B7 Akstur bifhjóla bannaður.



B8 Akstur torfærutækja á beltum bannaður.



B9 Akstur létttra bifhjóla bannaður.



B10 Hjólreiðar bannaðar.



B11 Hestaumferð bönnuð.

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að fara með hesta.



B12 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð.



B13 Takmörkuð breidd ökutækja.

Mesta leyfileg breidd ökutækja, með eða án farms, skal letruð á merkið.



B14 Takmörkuð lengd ökutækja.

Mesta leyfileg lengd ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, með eða án farms, skal letruð á merkið.



B15 Takmörkuð hæð ökutækja.

Mesta leyfileg hæð ökutækja, með eða án farms, skal letruð á merkið.



B16 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.

Mesta leyfileg heildarþyngd ökutækja skal letruð á merkið. Ef ökutæki dregur annað ökutæki á takmörkunin við hvort ökutæki fyrir sig.




B17 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja.

Mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja skal letruð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki.



B18 Takmarkaður öxulþungi.

Hámark leyfðs öxulþunga ökutækja skal letrað á merkið. Leyfð þyngd á tvöfaldan öxul er þá 160% af tilgreindum öxulþunga.



B19 Stöðvunarskylda við vegamót.

Merki þetta skal setja við vegamót þar sem ökumönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.



B20 Sérstök stöðvunarskylda.

Merki þetta má nota þegar stöðva skal ökutæki annars staðar en við vegamót. Á neðri helming merkisins ber að letra skýringu á stöðvunarskyldu.



B21 Bannað að leggja ökutæki.


Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að leggja ökutæki. Bannið tekur aðeins til þess vegarhælmings sem merkið er á. Bannið gildir í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum. Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum má setja upp merki á þeim stað þar sem banninu á að ljúka og þar undir ör sem snýr á móti akstursstefnunni. Ef bannið nær aðeins um skamman veg má nota eitt merki með undirmerki sem tilgreinir fjarlægðina. Ef þurfa þykir má áréttta bannið með merki eða merkjum innan bannsvæðisins og þar undir örvum sem vísa í báðar áttir. Nái bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal velja undirmerki með upplýsingum um það. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum eða tilteknum tíma dags eða lengur en t. d. 30 mín. skal letra um það upplýsingar á undirmerki.

Merki þetta skal ekki nota þar sem stöðumælar eru en þeir gefa til kynna að heimild til þess að leggja ökutæki sé takmörkuð við tiltekið tímabil gegn greiðslu.



B22 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma. Nánari upplýsingar um takmörkun skulu letraðar á merkið.



B23 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma.



B24 Bannað að stöðva ökutæki.

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar. Hliðstæðar reglur gilda um notkun þessa merkis og um notkun merkisins B21.



B25 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang.

Merki þetta má nota við vegarkafla eða stað á vegi þar sem aðstæður eru þannig að ökutæki geta ekki mæst og skylt er að veita umferð sem kemur á móti forgang. Þegar merki þetta er notað skal setja merkið D5 upp við hinn enda vegarkafla eða hindrunar.



B26 Sérstök takmörkun hámarkshraða.

Merki þetta ber að nota til þess að sýna leyfðan hámarkshraða ökutækja í km á klst. Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni leyfðri heildarþyngd skal það tilgreint á undirmerki. Merkið gildir í akstursstefnu á þeim vegi sem það er sett við þar til önnur hraðamörk eru gefin til kynna með nýju merki B26 eða merki B27, B28 eða D12 – D14.



B27 Sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið.

Merki þetta ber að nota þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.



B28 Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er. Merkið gildir þar til takmörkunin er felld úr gildi með merki B29, D13 eða D14.



B29 Mörk svæðis þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.

*B30 Hægri beygja bönnuð.*

Merki þetta má nota við vegamót þar sem hægri beygja er bönnuð.

*B31 Vinstri beygja bönnuð.*

Merki þetta má nota við vegamót þar sem vinstri beygja er bönnuð.

*B32 U-beygja bönnuð.*

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að snúa ökutæki við á vegi. Merki sem er sett við vegamót táknar að bannað sé að snúa ökutæki við á þeim vegamótum. Ella táknar merkið að bannað sé að snúa ökutæki við fram að næstu vegamótum nema annað komi fram á undirmerki.

*B33 Framúrakstur bannaður.*

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.

*B34 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.*

Merki þetta ber að nota þar sem vörubifreiðum, þ.m.t. samtengdum ökutækjum, með meiri leyfðri heildarþyngd en 3500 kg er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.

*B35 Banni við framúrakstri lokið.*

Merki þetta ber að nota þegar banni við framúrakstri lýkur. Ef bannsvæði er stutt má í stað þessa merkis nota merkin B33 eða B34 með undirmerki.

C. Boðmerki

6. gr.

Boðmerkjum er ætlað að mæla fyrir um umferð.

Boðmerki skal vera hringlaga með hvítum jaðri og hvítu tákni á bláum fleti.

Boðmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig að þau sjáist vel í myrkri.


Stærð boðmerkja skal vera sem hér segir:

- a. Venjuleg gerð: Þvermál 60 sm.
- b. Minni gerð: Þvermál 50 sm.


Heimilt er að nota merki sem er 30 sm í þvermál við umferðarljós og á umferðareyjum.

7. gr.

Boðmerki eru þessi:

*C1–C8 Akstursstefnumerki.*

Merki þessi má nota þar sem mælt er fyrir um ákveðna akstursstefnu og má aðeins aka í þá átt eða þær áttir sem örin eða örvarnar benda. Heimilt er að nota merkin C5 og C7 í stað merkjanna B30 eða B31 ef það er talið æskilegra.



C9–C11 Akbrautarkerki.

Merki þessi má nota til þess að benda ökumönnum á þá akbraut eða þann hluta akbrautar sem þeir skulu nota. Þar sem merkið C11 er sett má aka þeim megin merkisins sem ökumaður kýs.



C12 Hringakstur.

Merki þetta má nota við hringtorg og sýna örvarnar þá átt sem ekið skal í.



C13 Hjólreiðastígur.

Merki þetta má nota við stíga sem hjólreiðamenn skulu nota en ekki aðrir ökumenn.



C14 Gangstígur.

Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir. Um heimild til að hjóla á gangstíg fer eftir umferðarlögum.



C15 Gang- og hjólreiðastígur.

Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn skulu nota en ekki aðrir.



C16 Reiðvegur.

Merki þetta má nota við vegi sem hestamenn skulu nota en ekki aðrir.

D. Leiðbeiningarmerki.

8. gr.

Leiðbeiningarmerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina.

Leiðbeiningarmerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur þannig sett að tvær hliðar séu láréttar, þó skulu merkin D3 og D4 þannig sett að eitt hornið snúi niður. Hengja má merkin yfir akbraut ef hagkvæmt þykir.

Litur leiðbeiningarmerkja skal vera eins og sýnt er í 9. gr. Merkin D44 - D48 mega þó vera blá með hvítum táknum. Merkin D52 og D53 skulu vera með rauðum ramma, örvum og áletrun þegar vísað er til athyglisverðra staða, flugvalla, hafna, opinberra bygginga eða annarra þjónustustaða.

Leiðbeiningarmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð leiðbeiningarmerkja skal háð samþykki vegamálastjóra að því er varðar þjóðvegi utan kaupstaða og kauptúna og sýsluvegi en ella lögreglustjóra.

9. gr.

Leiðbeiningarmerki skiptast í þessa undirflokkar:

Upplýsingamerki (D1 – D15).

Þjónustumerki (D16 – D43).


Leiðamerki og vegvísa (D44 – D65).

**Upplýsingamerki.***D1 Bifreiðastæði.*

Merki þetta er notað til þess að sýna hvar bifreiðastæði eru.

*D2 Gangbraut.*

Merki þetta er notað við gangbraut og skal vera báðum megin akbrautar. Ef eyja er á akbraut má merkið einnig vera þar.

*D3 Aðalbraut.*

Merki þetta er notað til þess að gefa til kynna að umferð á vegi sem merkið er við hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi. Merkið er sett þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir, enda séu merkin A6 og B19 sett við hliðarveginn.

*D4 Aðalbraut endar.*

Merki þetta er notað þar sem aðalbraut endar. Heimilt er að nota merkið ásamt undirmerki nokkru áður en aðalbraut lýkur.

*D5 Umferð á móti veitir forgang.*

Merki þetta er notað við annan enda vegarkafla eða staðar á vegi þar sem merkið B25 er við hinn endann.

*D6 Útskot.*

Merki þetta er notað á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka framúr.

*D7 Einstefna.*

Merki þetta er notað þar sem æskilegt þykir að gefa til kynna að einstefnuakstur sé á vegi. Ef henta þykir má setja merkið þannig að örin vísi upp.

*D8 Botngata.*

Merki þetta er notað til þess að gefa til kynna að vegur sé lokaður í annan endann.



D9 Biðstöð leigubifreiða.



D10 Biðstöð strætisvagna og áætlunarbifreiða.



D11 Umferð fatlaðra.



D12 Þéttbýli.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um þéttbýli gilda.



D13 Þéttbýli lokið.

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að reglur um þéttbýli gildi ekki lengur.



D14 Vistgata.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um vistgötur gilda.



D15 Vistgötu lokið.

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að reglur um vistgötu gildi ekki lengur.



Þjónustumerki.

D16 Slysahjálp.

Merki þetta er notað til að gefa til kynna stað þar sem slysahjálp er veitt.



D17 Almenningssími eða neyðarsími.



D18 Bifreiðaverkstæði.



D19 Bensínstöð.

Merki þetta er notað til að gefa til kynna bensínstöð þar sem langt er milli bensínstöðva.



D20 Veitingastofa.



D21 Veitingahús.



D22 Tjaldsvæði.

Merki þetta er notað við viðurkennd tjaldsvæði.



D23 Hjólhýsasvæði.

Merki þetta er notað við viðurkennd hjólhýsasvæði.



D24 Farfuglaheimili.




D25 Hótel, gistiheimili.



D26 Sundstaður.



D27 Sumarhús.



D28 Athyglisverður staður.

Merki þetta er notað þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði, svo sem fornminjar, byggðasöfn, sérstætt landslag og útsýni.



D29 Gönguleið.

Merki þetta er notað við upphaf gönguleiðar.



D30 Flugvöllur fyrir áætlunarflug.



D31 Bílferja.



D32 Neyðarskýli.



D33 Sæluhús.



D34 *Svefnpokapláss.*



D35 *Eldunaraðstaða.*



D36 *Heimilisveitingar.*



D37 *Hestaleiga.*



D38 *Veidileyfi.*



D39 *Skíðalyfta.*



D40 Almenningsalerni.



D41 Upplýsingar.


Merki þetta er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar.



D42 Hjólbarðaverkstæði.




D43 Ferðamannaverslun.



Leiðamerki og vegvísar.

D44 Akreinar við vegamót.

Merki þetta er notað áður en komið er að vegamótum til leiðbeiningar ökumönnum um það hvaða akrein þeir skuli velja.



D45 Akreinaamerki.

Merki þetta er notað til þess að sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnu á einstökum akreinum.



D46–D48 Akreinaamerki.

Merki þessi eru sett yfir akbraut til leiðbeiningar ökumönnum um það hvaða akrein þeir skuli velja.

D49 Vegvísir.

Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti eða sveitar á merkið, svo og vegnúmer og fjarlægð í km eftir því sem ástæða þykir til.



D50 Vegvísir.

Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.



D51 Vegvísir til athyglisverðs staðar, flugvallar, hafnar, opinberrar byggingar eða annars þjónustustaðar.



D52 Fráreinaúvísir.

Merki þetta má setja þar sem frárein byrjar. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til.



D53 Töfluvegvísir.

Merki þetta má setja við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri.

D54 Leiðamerki.


Merki þetta má setja við vegamót fjölfarinna vega þar sem talið er að vegvísar veiti ekki nægilegar leiðbeiningar.

*D55 Leiðavísir.*

Merki þessu má koma fyrir yfir vegi nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú. Á merkinu skal vera ör fyrir sérhverja akrein. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á leiðavísi eftir því sem ástæða þykir til.

*D56 Staðarleiðamerki.*

Merki þetta má setja 150 - 250 m frá vegamótum og sýnir það einfaldaða mynd af þeim. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp merki af gerðinni D50, D52, D53 eða D55 eftir því sem við á.



D57 Akreinaliðamerki.

Merki þetta má setja 150 - 250 m frá vegamótum til leiðbeiningar ökumönnum um það hvaða akrein þeir skuli velja. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp merki af gerðinni D50, D52, D53 eða D55 eftir því sem við á.



D58 Töfluleiðamerki.

Merki þetta má setja 150 - 250 m frá vegamótum. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp merki af gerðinni D50, D52, D53 eða D55 eftir því sem við á.

*D59 Staðarvísir.*

Merki þetta má setja við veg til þess að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli.

*D60 Staðarmerki.*

Merki þetta má setja upp til þess að tilgreina heiti staðar eða þéttbýlis, hreppamörk, örnefni o.þ.h.

*D61 Götu nafn eða vegarheiti.**D62 Vegnúmer.**D63 Vegnúmer.*


Merkið sýnir leið að vegi með tilgreindu vegnúmeri.

*D64 Sýslu-/sveitarfélagsmerki.*

Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má ennfremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags í réttum litum.

*D65 Fjarlægðamerki.*

Merki þetta má setja við veg eftir að komið er fram hjá vegamótum, t.d. á bakhlið leiðamerkis. Efst á merkinu er vegnúmer þess vegar sem ekið er á og staðarheiti þar undir. Fyrst er heiti þess staðar sem fjærstur er o. s. frv.



D66 *Upplýsingatafla.*

E. Undirmerki.

10. gr.

Ef talin er þörf nánari leiðbeininga eða skýringa við umferðarmerki má nota til þess undirmerki með tákmynd eða áletrun. Undirmerki skal vera rétthyrnt í sama lit og aðalmerki. Undirmerki með merkjunum B21 og B24 skulu þó vera gul með rauðum jaðri.

Helstu undirmerki eru:

200m

U1 Fjarlægð að hættu eða til þess staðar sem bann eða leiðbeining varðar.

200 – 800m

U2 Fjarlægð hættusvæðis eða bannsvæðis.



U3–U5 Lengd bannsvæðis.



U6 Gildistími banns.



U7 Gildistími leyfis.



U8–U10 Hvernig lagt skal í bifreiðastæði.

Merki þessi eru notuð með merkinu D1 og sýna hvernig lagt skal í bifreiðastæði.



U11 Bifreiðastæði fyrir fatlaða.

Merki þetta er notað með merkinu D1 og sýnir bifreiðastæði fyrir fatlaða.



U12–U13 Vísun til staðar.



U14 Leið aðalbrautar á vegamótum.



U15 Umferð sjónskertra.



U16 Umferð heyrnarkertra.

11. gr.

Umferðarmerki skulu sett þannig að þau sjáist greinilega, að jafnaði hægra megin við veg miðað við akstursstefnu.

Viðvörunarmerki, bannmerki og leiðbeiningarmerki má setja báðum megin vegar ef þörf þykir. Ef tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi má setja merki eða aukamerki á umferðareyju. Setja má merki yfir akbraut ef hagkvæmt þykir. Nægilegt er að leiðbeiningarmerkin D6, D49, D59 og D60 séu vinstra megin við veg miðað við akstursstefnu.

Viðvörunarmerki ber jafnan að setja 25 – 250 m frá hættu- staðnum og er heimilt að nota fleiri en eitt merki ef hinn hættulegi vegarkafli er langur. Í þéttbýli skal merkið A6 aldrei vera lengra frá vegamótum en 25 m og utan þéttbýlis 50 m. Heimilt er þó að nota merkið fjær vegamótum til leiðbeiningar um að bið- eða stöðvunarskylda sé framundan. Skal þá á undirmerki letra fjarlægð að vegamótum og orðið „stans“ ef um stöðvunarskyldu er að ræða.

Bannmerki ber að setja sem næst þeim stað sem merkið á við. Merkin B30 – B32 má þó setja í nokkurri fjarlægð frá vegamótum.

Leiðbeiningarmerki ber að setja hæfilega langt frá þeim stað er leiðbeining vísar til.

12. gr.

Merki skal festa á jarðfasta stöng í hæfilegri fjarlægð frá vegarbrún. Hæð mæld frá vegi að merki skal að jafnaði vera nálægt 150 sm, en allt að 220 sm í þéttbýli eða annars staðar þar sem aðstæður eru þannig að merki geti valdið hættu fyrir gangandi vegfarendur. Hæð merkis mæld frá vegi má vera 100 sm ef tryggt er að merkið hindrar ekki vegsýn vegfarenda á hliðarvegi. Hæð merkjanna D50 – D52 mæld frá vegi skal þó að jafnaði vera u.þ.b. 50 sm.

II. MERKING Á YFIRBORÐI VEGA

13. gr.

Þar sem vegur er með bundnu slitlagi má marka hann með hvítum línur til leiðbeiningar umferðinni. Hindrunarlínur, akreinalínur og bannsvæði milli umferðar í gagnstæðar áttir skulu þó vera gular, svo og línur samkvæmt 24. gr. Þar sem ekki er götulýsing skulu línur glitaðar eftir því sem fært þykir.

A. Merking langsum eftir akbraut.

14. gr.



Akreinalínur eru brotnar línur langsum eftir akbraut. Aka má yfir akreinalínu enda sé gætt fyllstu varúðar.

Akreinalínur skulu vera 10 sm breiðar. Akreinalínur sem marka akreinar fyrir sérstaka umferð, t.d. strætisvagna, skulu vera 20 sm breiðar. Sama gildir um akreinalínur sem marka aðreinar eða fráreinar.

15. gr.



Hindrunarlínur eru óbrottnar línur langsum eftir akbraut. Hindrunarlínur gefa til kynna að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær nema brýna nauðsyn beri til. Þar sem akreinalína er samhliða hindrunarlínu má þó aka yfir hindrunarlínu þeim megin frá sem akreinalínan er, enda sé gætt fyllstu varúðar.

Hindrunarlínur skal einkum nota á hæðum og í beygjum þar sem vegsýn er verulega skert, við gatnamót til að skipta akbraut með umferð í gagnstæðar áttir eða í sömu átt, framan við umferðareyjar, gangbrautir eða umferðarmannvirki.

Hindrunarlína milli umferðar í gagnstæðar áttir á vegi með fleiri en tvær akreinar skal vera tvöföld.

Hindrunarlínur skulu vera 10 sm breiðar.



16. gr.




Markalínur eru óbrottnar eða brotnar línur meðfram brúnum akbrautar.

Óbrottnar markalínur marka þann hluta akbrautar sem ætlað er ökutækjum á ferð. Óheimilt er að aka yfir þær nema nauðsyn beri til og skal þá gætt ýtrustu varúðar.


Brottnar markalínur marka akbraut gagnvart hliðarvegi, útskotum, bifreiðastæðum og leiðum að og frá þjónustustöðvum.

Markalínur skulu vera 10 – 20 sm breiðar.

**B. Merking þversum á akbraut.**


17. gr.

Stöðvunarlínur eru óbrottnar línur þvert á akbraut. Þær sýna hvar stöðva skal ökutæki við umferðarljós eða þar sem stöðvunar-skylda er við vegamót. Breidd stöðvunarlína skal vera 30 – 60 sm.



18. gr.

Biðskyldulínur eru röð þríhyrninga þvert á akbraut. Þær sýna hvar stöðva ber ökutæki þar sem biðskylda er við vegamót. Breidd biðskyldulína skal vera 30 – 60 sm.



19. gr.

Gangbrautir yfir akbraut skulu að jafnaði merktar með hvítum samhlíða röndum langsum á vegi. Heimilt er þó að merkja gangbraut með tveimur óbrotnum línunum eða bóluröðum þvert yfir akbrautina. Merki þessi má einnig nota þar sem hjólreiðastígur eða reiðvegur þverar veg.

C. Aðrar merkingar á yfirborði vega.

20. gr.




Stýrilínur eru brotnar línur sem nota má til þess að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð sem beygir á vegamótum. Stýrilínur skulu vera 10 sm breiðar.



21. gr.

Bannsvæði eru svæði á vegi eða götu sem ekki eru ætluð umferð eða stöðu ökutækja. Bannsvæðin skal afmarka með óbrotnum markalínunum og auðkenna þau með skálunum sem mynda sem næst 45° horn við akstursstefnu. Breidd skálína skal vera 20 – 30 sm.



22. gr.

Hvítar örvar á akbraut benda á þá akrein sem nota skal ef ætlunin er að aka í þá átt sem örin vísar. Önnur tákni eða letur má setja á akbraut til þess að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi.

23. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með 5 – 10 sm breiðum línunum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna.



Bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt á sama hátt en með hornalínunum að auki.

24. gr.

Gul óbrotin lína meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé stöðvað þar.




Gul brotin lína meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé lagt þar.



III. ÖNNUR MERKI

25. gr.

Ef glitmerki eru notuð til þess að marka vegarbrún, t.d. á kantstikum, skulu þau sýna rautt eða rauðgult endurskin á hægri vegarbrún og hvítt á vinstri vegarbrún miðað við akstursstefnu.



26. gr.

Brúarenda, síma- og rafmagnsstaura og aðra slíka hluti við veg sem valdið geta vegfarendum hættu má merkja með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi.



Þar sem vegur greinist frá öðrum vegi má setja merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar er vísa upp.

27. gr.

Þegar stefna vegar breytist og aðstæður bera það ekki greinilega með sér má setja við vegarbrún merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar í akstursstefnu.



Þegar vegur endar og aðstæður bera það ekki greinilega með sér má setja við vegarbrún merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar í akstursstefnu.




28. gr.

Nota má önnur merki en um getur í 25., 26. og 27. gr. þegar sérstök ástæða þykir til, svo sem vegna vinnu við framkvæmdir á eða við veg.

IV. UMFERÐARLJÓS

A. Ljósmerki fyrir umferð ökutækja.

29. gr.




Ljósmerki til að stjórna umferð skulu vera hringlaga og rauð, gul og græn að lit. Ef fleiri en eitt ljósmerki er notað á sama stað skulu ljósker vera í lóðréttri röð með rauðu ljósi efst en grænu neðst.

Rautt ljós merkir að ökutæki skuli stöðvað við stöðvunarlínu eða við umferðarljósastólpa ef stöðvunarlína er ekki á vegi.

Rautt ljós sem logar samtímis gulu ljósi hefur sömu merkingu og rauða ljósið eitt sér en gefur til kynna að grænt ljós sé að koma. Óheimilt er að halda áfram fyrr en græna ljósið er komið.

Grænt ljós merkir að aka megi yfir stöðvunarlínu eða framhjá umferðarljósastólpa. Grænt ljós á vegamótum heimilar þó ekki ökumönnum að halda áfram ef þverumferð er enn á vegamótunum eða umferð er svo þétt í akstursstefnu þeirra að miklar líkur séu til að þeir nái ekki yfir vegamótin áður en ljósin skipta yfir í rautt. Heimilt er að beygja til hægri eða vinstri ef það er ekki bannað með umferðarmerki eða ljósör. Sá sem beygir skal veita umferð sem á móti kemur forgang, svo og umferð þeirra sem ganga á móti grænu ljósi. Grænt ljós leysir ökumenn ekki undan skyldu skv. umferðarlögum til að sýna ýtrustu varúð.

Gult ljós eitt sér merkir að numið skuli staðar við stöðvunarlínu nema ökutæki sé komið svo nálægt stöðvunarlínu þegar gula ljósið kviknar að það verði ekki stöðvað með fullu öryggi, og skal því þá ekið áfram. Þar sem stöðvunarlína er ekki á vegi skal numið staðar við umferðarljósastólpa.




Græn ljósör merkir að ökutæki megi aðeins fara í þá stefnu sem örin sýnir. Græn ljósör sem vísar beint upp merkir að ökutæki megi halda beint áfram. Græn ljósör til hliðar við grænt ljós merkir að ökutæki skuli fara í þá stefnu sem örin vísar þó að önnur ljós logi samtímis, enda sé ökutækið á þeirri akrein sem ætluð er þeirri akstursstefnu. Ef slökkt er á grænni beygjuör en græna ljósið á aðalljóskerinu logar má aka í þá stefnu sem örin annars vísar til, en veita þer þá umferð sem á móti kemur forgang, svo og umferð þeirra sem ganga á móti grænu ljósi.

Rauð eða gul ljósör merkir að bannað sé að aka í þá stefnu sem örin sýnir.

Eitt eða tvö rauð ljós á sama stólpa sem kvikna og slokkna á víxl merkja að ökutæki skuli nema staðar við stöðvunarlínu eða umferðarljósastólpa.

Eitt eða tvö gul ljós á sama stólpa sem kvikna og slokkna á víxl merkja að ökutæki megi halda áfram með ýtrustu varúð.


Umferðarljós fyrir strætisvagna. Öll ljóskerin gefa frá sér hvítt ljós. Efsta ljósið jafngildir rauðu ljósi á venjulegum umferðarljós-



um, ljós í miðju jafngildir gulu ljósi og neðsta ljósið jafngildir grænu ljósi. Slík umferðarljós má setja á vegamót þar sem er biðstöð eða sérakrein fyrir strætisvagna.

B. Ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur.

30. gr.



Ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur skulu vera tvö, rautt og grænt, og skal rauða ljósið vera fyrir ofan græna ljósið. Rauða ljósið skal sýna mann í kyrrstöðu en græna ljósið mann á göngu.

Rautt ljós merkir að ekki megi ganga út á akbraut.

Grænt ljós merkir að gangandi vegfarendur megi ganga yfir akbraut. Ef vegfarandi er kominn út á akbraut þegar ljósaskipti verða skal hann halda áfram yfir á næstu gangstétt eða umferðarreyju. Grænt ljós sem slokknar og kviknar á víxl merkir að græna ljósið sé senn á enda og rauða ljósið sé að koma.

Hljóðmerki má nota ásamt ljósmerki til sérstakrar leiðbeiningar fyrir gangandi vegfarendur.

31. gr.

Á vegamótum, þar sem ekki eru sérstök ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur skulu allir vegfarendur fara eftir ljósmerkjum fyrir umferð ökutækja.

V. MERKJAGJÖF LÖGREGLU

32. gr.

Merki sem lögreglumaður gefur við umferðarstjórn tákna:

- Útréttur handleggur (annar eða báðir) táknar að vegfarandi sem nálgast að framan eða að aftan skal nema staðar. Sá sem nálgast frá hlið má aka framhjá.
- Uppréttur handleggur táknar að allir vegfarendur skulu nema staðar. Ökumaður sem kominn er það langt að hann getur ekki stöðvað ökutækið án hættu má halda áfram. Vegfarandi sem er á vegamótum skal aka út af þeim.
- Rautt ljós sem sveiflað er táknar að vegfarandi sem ljósinu er beint að skal nema staðar.



VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

33. gr.

Litur, lögun og tákmynd umferðarmerkja skal að jafnaði vera eins og sýnt er að framan, svo og dæmi um merkingar á yfirborði vega.

Bókstafir og tölustafir á umferðarmerkjum skulu vera af gerð sem nefnd er „Transport heavy.“

Umferðarmerki halda gildi sínu þrátt fyrir minni háttar frávik frá framangreindum reglum.

34. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlagi, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 414 4. desember 1978, sbr. reglugerð 103 26. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júlí 1989.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir dýralækna.

Viðtöl, almennar rannsóknir og aðgerðir.

I. KAFLI

A.	1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing	ekkert gjald
	2. Viðtal í síma	ekkert gjald
B.	Lyfseðill	72,05
C.	Smærri aðgerðir	72,05
	T.d. Venjuleg skoðun á grip og ráðlegging	
	Lyfjum dælt í hold eða júgur	
	Einföld skoðun á helti	
	Einföld ástunga á útvortis ígerð	
	Skoðun á júgri	
	Aldursákvörðun á hesti	